

Mánudaginn 12. októbermánaðar.  
 Nr. 22/1903: Guðrún Bjarnardóttir

gegn  
 yfirstjórn holdsveikraspítalans  
 í Laugarnesi, J. Havsteen amt-  
 manni, J. Jónassen landlækni  
 og Guðm. Björnssyni héraðs-  
 lækni.

D ó m u r:

Áfrýjandinn, fyrverandi ráðskona við holdsveikraspítalann í Laugarnesi, ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir, höfðaði mál þetta í héraði gegn hinni stefndu yfirstjórn nefnds spítala til skaðabóta fyrir það, að yfirstjórnin hefði ranglega vikið henni frá ráðskonusýslaninni við nefndan spítala, og var málið, sem hinni stefndu yfirstjórn var veitt gjafvörn í, dæmt á bæjarþingi Reykjavíkur 15. jan. þ. á. á þá leið, að yfirstjórnin var sýknuð af kær-um og kröfum áfrýjandans og málskostnaður látinn falla niður, en málsfærslulaun hins skipaða talsmanns yfirstjórnarinnar, cand. jur. Jóns Þor- kelssonar, 20 krónur, skyldu greiðast úr lands- sjóði.

Dómi þessum hefir frú Guðrún Bjarnardóttir skotið til yfirdómsins með stefnu dags. 28. apríl þ. á. og hefir hún fengið til þess gjafsókn og skipaðan málaflutningsmann, og er þess krafist af hennar hálfu, að dóminum verði breytt þannig, að hin stefnda yfirstjórn holdsveikraspítalans verði dæmd til að greiða áfrýjanda umsamin laun 25 krónur á

mánuði í 6 mánuði frá 1. sept. f. á. að telja, og láta áfrýjanda í té fyrir sama tíma fæði og húsnæði, eins og áfrýjandi hafði á spítalanum, eða í þess stað 40 krónur á mánuði, og loks að yfirstjórnin greiði áfrýjanda málskostnað fyrir yfir- og undirrétti, eins og málið væri eigi gjafsóknarmál, þar með talin hæfileg málflytninglaun til hins skipaða málflytningsmanns. Hin stefnda yfirstjórn hefir fengið gjafvörn og skipaðan málsfærslumann, og hefir þess verið krafist af hennar hálfu, að dómurinn verði staðfestur og að málsfærslumanni hennar verði dæmd málsfærslulaun fyrir yfirdómi.

Þar sem hinir stefndu hafa krafist þess, að jústitiarius L. E. Sveinbjörnsson viki úr dómarsæti í máli þessu, af þeirri ástæðu, að sonur hans hafi flutt málið af hálfu áfrýjanda fyrir bæjarþingsréttinum, þá verður eigi álitíð, að afskifti nefnds málsfærslumanns af málinu í héraði geti leitt til þessa, og verður krafan því eigi tekin til greina.

Áfrýjandinn, ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir, var skipuð ráðskona við holdsveikraspítalann 4. marz f. á., en með bréfi yfirstjórnar spítalans, dags. 28. ágúst f. á. var henni vikið frá sýslaninni, og skyldi hún vera farin af spítalanum 1. sept. næst á eftir í síðasta lagi. Áfrýjandinn heldur því nú fram, að yfirstjórnin hafi eigi getað eða haft heimild til að víkja sér frá stöðunni fyrirvaralaust, en sér hafi samkvæmt erindisbréfi



handa ráðskonu holdsveikraspítalans, útgefnu 10. sept. 1898, borið 6 mánaða uppsagnarfrestur, og krefst hún því kaups, fæðis og húsnæðis eins og fyr greinir fyrir 6 mánuði hjá hinni stefndu yfirstjórn. Í nefndu erindisbréfi er einnig að vísu að eins kveðið svo á, að spítalastjórnin geti vikið ráðskonunni frá með 6 mánaða fyrirvara og ráðskonan geti og sagt af sér starfinu með sama fyrirvara, en þetta ákvæði verður ekki skilið svo, að með því sé loku skotið fyrir það, sem ekki þurfti berum orðum að nefna í erindisbréfinu, að spítalastjórnin gæti vikið ráðskonunni frá starfinu og það fyrirvaralaust, ef þörf er á, ef ráðskonan með hegðun sinni og skyldubrotum gjörði það nauðsynlegt spítalans vegna, að hún væri látin fara frá án nefnds 6 mánaða fyrirvara, og því er einmitt haldið fram af stefndu, að spítalastjórnin hafi haft fulla ástæðu og jafnvel verið neydd til að víkja áfrýjandanum frá stöðunni þegar í stað vegna hegðunar hennar, og hefir yfirstjórnin því neitað að gegna tilkalli áfrýjanda til skaðabóta þeirra, er krafist er af hennar hálfu í máli þessu.

Hinir stefndu hafa haldið því fram sem ástæðu til burtvísunar áfrýjanda af spítalanum, að hún hafi eigi verið vaxin stöðu sinni þar, með því hún hafi verið óþríf, þrasgjörn, hávaðasöm og eigi kunnad sem skyldi til matreiðslu, og einkum, að hún hafi sýnt itrekaða óhlýðni yfirboðurum sínum, og vakið ófrið á spítalanum og æst sjúklingana, svo að þeir skrifuðu yfirstjórninni hótunarbréf.

Víðvikjandi óþritnadi áfrýjanda, þrasgirni, hávaðasemi og vankunnáttu í matreiðslu er það eigi sannað, að svo mikil brögð hafi verið að þeim annmörkum, að ástæða hafi verið til þess að víkja áfrýjanda fyrir þær sakir einar sér frá stöðu hennar fyrirvaralaust, enda virðist yfirstjórnin heldur eigi hafa litið svo á, að þess gjörðist þörf, eða ætlað að gjöra það. Aðalástæðuna til þess, að áfrýjanda var vikið frá, telja stefndu aftur á móti óhlýðni áfrýjanda við yfirboðara sína, og ófrið þann og æsing, er hún vakti á spítalanum. Læknir spítalans, sem jafnframt er yfirumsjónarmaður þar, varð tvívegis að kæra áfrýjanda fyrir yfirstjórninni í ágústmánuði f. á. fyrir að hún neitaði að fara eftir fyrirskipunum hans, og áminti yfirstjórnin þá áfrýjanda um, að hún ætti að hlýðnast skipunum lækuisins og hótadi henni uppsögn á stöðu hennar, ef hún ekki bætti ráð sitt í því efni. Bréf yfirstjórnarinnar út af síðari kæru læknisins virðist reyndar ekki hafa verið birt áfrýjanda, með því að áfrýjandi bað lækninn afsökunar á óhlýðni sinni, en daginn eftir að málið virtist þannig vera jafnað, skrifaði hún sjúklingum spítalans bréf, þar sem hún kvartaði yfir því, að hún gæti ekki haldist við á spítalanum fyrir ófriði, og sama dag, 19. ágúst, skrifuðu flestir eða allir (57) sjúklingar spítalans bréf til yfirstjórnarinnar, þar sem þeir tjá óánægju sína yfir því, að áfrýjandi, eftir því, sem hún hafi skrifað þeim, verði að fara af spítalanum vegna »ófriðar einstakra manna af heilbrigðu fólki spítalans«, og



heimta af yfirstjórninni tafarlausa rannsókn á málinu, en hóta ella að tilkynna alþingi umkvartanir sínar og alla málavöxtu, og endar bréfið á því, að sjúklingarnir segjast ekki ábyrgjast afleiðingarnar, ef þessari málaleitan verði enginn gaumur gefinn. Við eftirgrenslun, sem gjörð var á spítalanum út af bréfi þessu, eftir tilefni frá yfirstjórninni, kom það í ljós, sem bréfið reyndar bar ljósan vott um, að æsingur mikill og ólag var komið á sjúklingana á spítalanum, sem búast mátti við að ykist dag frá degi, ef ekkert væri aðgjört, og þar sem öll atvik bentu til þess, að yfirstjórnarinnar álit, að þetta ástand væri áfrýjanda að kenna, þóttist hún neydd til að víkja áfrýjanda tafarlaust burtu, til þess að friður kæmist á í spítalanum.

Áfrýjandinn hefir að vísu haldið því fram, að hún hafi ekkert gert til þess að æsa upp sjúklingana eða fá þá til að skrifa umgetið hótunarbréf til yfirstjórnarinnar; en í málinu er fengin fullnæg sönnun fyrir því gagnstæða með fyrgreindu bréfi hennar til sjúklinganna, því að tilgangur þess gat ekki verið annar en sá, að leita liðsinnis hjá sjúklingunum í deilu hennar við yfirboðara sína, sérstaklega yfirumsjónarmanninn (lækninn), og fá þá til að skifta sér af því máli, enda sýnir einnig hótunarbréfið ljóslega, að sjúklingarnir hafa einmitt skilið bréfið á þessa leið. Vegna þessarar hlutdeildar áfrýjanda í uppþoti því og æsingu, sem á var komin á spítalanum, hlaut það að teljast eðlileg og nauðsynleg ráðstöf-

un af yfirstjórninni, er hún veik áfrýjanda viðstöðulaust frá spítalanum, og þar sem áfrýjandi hafði gefið fult tilefni til þeirrar ráðstöfunar, gat hún ekki átt tilkall til neinna skaðabóta fyrir hana. Það verður því að sýkna hina stefndu yfirstjórn af kærum og kröfum áfrýjanda, og með því að yfirdómurinn einnig felst á málskostnaðar-ákvæði bæjarþingsdómsins, ber að staðfesta hann að öllu leyti. Í málsfærslulaun fyrir yfirdómi ber áfrýjanda að greiða hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu yfirstjórnar 20 krónur, en að öðru leyti á málskostnaður fyrir yfirdómi að falla niður. Hinum skipaða málsfærslumanni áfrýjanda verða eftir úrslitum málsins eigi dæmd nein málsfærslulaun.

Það vottast, að málsfærsla hinna skipuðu málsfærslumanna hefir verið lögmæt.

#### Því dæmist rétt vera:

Hinn áfrýjadi dómur á að vera óraskaður. Áfrýjandinn ekkjufrú Guðrún Bjarnardóttir greiði hinum skipaða málsfærslumanni hinnar stefndu yfirstjórnar, yfirréttarmálaflutningsmanni Einari Benediktssyni, málfærslulaun fyrir yfirdómi með 20 krónum. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir yfirdómi niður.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna



frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Nr. 23/1903:

Skúli Thoroddsen  
gegn  
Kristjáni H. Jónssyni.

### D ó m u r:

Mál þetta höfðaði ritstjóri Skúli Thoroddsen fyrir gestarétti Ísafjarðarkaupstaðar gegn ritstjóra og ábyrgðarmanni blaðsins »Vestri« Kristjáni H. Jónssyni, út af meiðyrðum, er hann þóttist hafa orðið fyrir í nefndu blaði. Var það dæmt í héraði 30. okt. f. á., þannig, að orðin í átaldrí grein blaðsins: »Skúli telst til ferfætlinganna«, skyldu vera dauð og marklaus, en Kristján H. Jónsson að öðru leyti vera sýkn af kærnum og kröfum sækjanda Skúla Thoroddsens; málskostnaður skyldi falla niður.

Þessum dómi hefir ritstjóri Skúli Thoroddsen áfrýjað til landsyfirrættarins með stefnu 28. apríl þ. á. og krafist, að öll hin meiðandi og móðgandi ummæli, sem átalin eru í þessu máli af sækjanda í undirrætti, verði dæmd dauð og marklaus, að stefndi verði látinn sæta þyngstu sekt fyrir þau, og að hann verði dæmdur til að greiða áfrýjanda málskostnað fyrir báðum réttum eftir mati yfirdómsins. Hins vegar hefir hinn stefndi ritstjóri Kristján H. Jónsson krafist, að hinn áfrýjaði dómur verði að öllu leyti staðfestur, og að áfrýjandi